

yfir fjárnámi í eign gerðarpola, fasteigninni Grundartanga nr. 25, Mosfellshr.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður og brýnir m.a. fyrir honum að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 15. desember 1986.

Nr. 256/1985. **Axel Ström Óskarsson**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Ævari Einarssyni

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Fjárnámgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1985. Hann gerir þær dómkröfur, að „hin áfrýjaða fjárnámsgjörð verði ómerkt og úr gildi felld.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámgerð verði staðfest og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fram ný gögn fyrir Hæstarétti.

Grundvöllur fjárnáms stefnda er dómsátt sem áfrýjandi undirgekkst á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 31. janúar 1985.

Meðal hinna nýju gagna er endurrit úr aukadómþingsbók Kjósarsýslu af vitnamáli, sem fram fór 21. nóvember sl., en þá kom vitnið Guðmundur Sigurjónsson, boðunarmaður í Hafnarfirði, fyrir dóm. Var vitnið spurt um hina áfrýjuðu fjárnámsgerð. Var þá fært til bókar:

„Það kveðst ekki muna sérstaklega eftir þessu fjárnámi, en það reikni með því, að það hafi verið mætt þarna að Brekkutanga 17, Mosfellssveit, í fógetarétti eins og fram komi í fjárnámsgerðinni. Það kveðst árlega mæta í fógetarétti í sambandi við tugi eða jafnvel yfir hundruð fjárnáma eða lögtaka og því muni það óljóst eftir hverju einu fyrir sig. — Aðspurt kveðst vitnið ekki muna á hvern hátt fógetinn hafi gætt leiðbeiningarskyldu gagnvart því. — Vitnið kveðst ekki muna hvort fógetinn hafi brýnt fyrir því að tilkynna gerðarþola um gerðina og ekki kveðst það muna til þess að hafa gert það. Það kveðst halda að það sé tíðkað af fógetanum að senda gerðarþola eftir á tilkynningu um að gerðin hafi farið fram. — Vitnið kveðst ekki muna hvort gerðin hafi verið lesin upp í lok hennar. — Vitnið kveðst ekki muna hvort þarna hafi verið staddar með þeim vottarnir Svanhildur Guðmundsdóttir og Helena Hauksdóttir. — Vitnið les yfir gerðina í heild og aðspurt kveðst það ekki sjá neina ástæðu til að ætla annað en að það sé allt rétt sem þar er greint.“

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að fógeta hafi orðið á veruleg mistök við framkvæmd fjárnámsgerðarinnar.

Stefndi telur hins vegar að hin áfrýjaða fjárnámsgerð hafi verið framkvæmd lögum samkvæmt og rétti áfrýjanda að engu hallað.

Áfrýjandi heldur því fram, að hvorugur vottanna hafi verið staddur að Brekkutanga 17 í Mosfellssveit, þegar fjárnámið fór fram. Hafi fógeti því brotið gegn 2. mgr. 2. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Þá hafi fógeti ekki skráð nöfn vottanna í meginmál bókuarinnar svo sem honum hafi verið skylt samkvæmt b lið 1. mgr. 42. gr. laganna.

Andstætt skýrum orðum fógetagerðarinnar hefur áfrýjandi ekki sannað, að vottarnir hafi ekki verið við fjárnámið, og eigi eru efni til að ógilda fjárnámið vegna þess að fógeti skráði ekki nöfn vottanna í meginmál bókuarinnar.

Áfrýjandi dregur í efa, að vitnið Guðmundur Sigurjónsson hafi verið viðstaddur gerðina. Jafnvel þótt hann hafi verið við fjárnámið þá hafi hann ekki uppfyllt skilyrði 2. mgr. 34. gr. aðfararlaganna til þess að fógeta væri heimilt að tilnefna hann sem réttargæslumann gerðarþola. Hafi fógeta því borið að fresta gjörðinni. Í því sambandi beri einnig að hafa í huga, að Guðmundur hafi verið skrifstofu- og boðunarmaður við embætti fógétans. Þá hafi Guðmundur aldrei tilkynnt gjörðarþola um gerðina svo sem fyrir sé lagt í 2. mgr. 45. gr. laganna.

Ganga verður út frá því svo sem gerðarþókin greinir, að Guðmundur Sigurjónsson hafi verið viðstaddur gerðina. Eigi verður talið, að 2. mgr. 34. gr. aðfararlaga hafi að geyma tæmandi upptalningu á þeim, sem fógeta er heimilt að tilnefna sem réttargæslumann gerðarþola við aðför. Þá veldur það ekki ógildi gerðarinnar, að vitnið var starfsmaður sýslumannsembættisins í Kjósarsýslu. Það var að vísu aðfinnsluvert að réttargæslumaður tilkynnti gerðarþola ekki um fjárnámið, en þessi vanræksla veldur ekki því að ógilda beri gerðina.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið hefur áfrýjandi ekki sannað að á hinni áfrýjuðu fjárnámgerð séu þeir gallar, er leiði til þess, að fella eigi hana úr gildi. Verður hún því staðfest.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hið áfrýjaða fjárnám á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Axel Ström Óskarsson, greiði stefnda, Ævari Einarssyni, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámgerð fógetaréttar Kjósarsýslu 21. ágúst 1985.

Ár 1985 Miðvikudaginn 21.8. er fógetaréttur Kjósarsýslu settur að Brekkutanga 17, Mosfellshr. og haldinn með undirrituðum vottum af Rúnari S. Gíslasyni ftr.

Fyrir er tekið fógeta málið: 1639/1985 Ævar Einarsson gegn Axeli S. Óskarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 endurrit sáttar.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sigurður Thoroddsen lögfr. v/Ásgeirs Thoroddsens hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 20.000,- með vöxtum pr. 16.7. '85 kr. 5.850,- til greiðsludags, kr. 1.900,- f/gerðarbeiðni og mót, kr. 5.830,- í málskostnað skv. galdskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Guðmundur Sigurjónss. að tilhlutan fógeta.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola bifv. G-21998 teg. Datsun árg. 1977.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta sem er ólög-lærður og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola um gerðina og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 17. desember 1986.

Nr. 315/1986. **Ævar Einarsson**

gegn

Axel Ström Óskarssyni.

Kærumál. Úrskurður um vitnaskyldu úr gildi felldur. Vitnamáli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. f.m. Hann krefst þess, „að úrskurðað verði að vitnunum Helen